

Fundargerð

8. stjórnarfundar FRÍ á starfstímabilinu 2014-2016, haldinn
mánudaginn 5. janúar 2015 kl. 19:15
í sal A, 3. hæð í Íþróttamiðstöð ÍSÍ

Mættir: Einar Vilhjálmsson, Lóa Björk Hallsdóttir, Jón H. Steingrímsson, Gunnlaugur Júlíusson Fríða Rún Þórðardóttir, Stefán Skafti Steinólfsson og Jónas Egilsson, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund, bauð stjórnarmenn velkomna til starfa á nýju ári og gekk til dagskrár.

1. Boðun fundar og fundargerð. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðun. Afgreiðslu fundargerðar frestað.
2. Stefnumótun FRÍ. Framkvæmdastjóra falið að ræða við Björgu Ágústsdóttur, sem sinni ráðgjafahlutverki vegna þessarar vinnu og finna tíma til að halda fund til að fara yfir niðurstöður umræðu á þinginu. Einnig var honum falið að kalla eftir fyrirbyggjandi efni.
3. Fjármál FRÍ
 - 3.1. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu reikninga og greiðslna frá síðasta fundi.
 - 3.2. Samþykkt að kynna fyrir sambandsaðilum samþykktir þings vegna útistandandi krafna. Framkvæmdastjóra falið verkefnið og að setja kröfur í innheimtu ef ekki koma uppgjör á næstu 1-2 vikum.
 - 3.3. Kostnaðaráætlun vegna RIG rædd, en skv. henni er gert ráð fyrir að útgjöld verði um 1.100 þús. kr. en tekjur um 800 þús. Áætlunin er ennþá í vinnslu en ljóst að afla þarf aukinna tekna til þess að mótið standi undir sér.
 - 3.4. FRÍ ehf. lagt fram og undirritaðar prókúrubreytingar til handa Jóni H. Steingrímssyni vegna bankareikninga FRÍ ehf. í Landsbanka, sem og skoðunarheimild á reikninga FRÍ.
4. Fjáröflunaráttak FRÍ 2015.
 - 4.1. Auglýsingar vegna RIG er forgangsverkefni sambandsins. Ákveðið að það verði forgangsverkefni næstu daga að afla auglýsingatekna á RIG. Formaður mun kalla til tvo aðstoðarmenn við auglýsingaöflun og ákveðið að þeir hefji störf á morgun í samstarfi við framkvæmdastjóra.
 - 4.2. Sjálfboðaliðastörf vegna RIG. Umræður um fyrirkomulag, hlutverk Þóreyjar Eddu ofl. Undirbúningur mótsins virðist vera í góðum farvegi.
 - 4.3. Umsókn vegna styrks FRÍ til ÍSÍ vegna reynsluverkefnis í landsliðsmálum. Er í vinnslu hjá formanni og framkvæmdastjóra og þarf að skila inn greinargerð fyrir 15. jan. nk. Tillögur verða sendar stjórn til umsagnar í tölvupósti á næstu dögum.
 - 4.4. Stjórnun fjáröflunaráttaks FRÍ á árinu 2015. Formanni falið að vinna áfram að þeim málum með það m.a. að markmiði að gera samninga við 3 – 5 öflug fyrirtæki sem verði bakhjarlar FRÍ næstu 3 – 5 árin. Tillögur um fyrirkomulag og aðila verða lagðar fram síðar.
 - 4.5. Undirbúningur að kynningu á bakhjarlasamsarfi. Formaður greindi frá viðræðum sínum við fyrirtæki sem vilja skoða málið með okkur.
5. Fjárhagsáætlun fyrir 2015.
 - 5.1. Lögð fram endurskoðuð áætlun um mótapátttöku erlendis, kostnaðarhlutdeild félaga eða keppenda í ferðum á vegum FRÍ, fjölda keppenda og annarra á árinu. Tillögur ræddar en afgreiðslu frestað.
 - 5.2. Endurskoðuð fjárhagsáætlun vegna 2015 lögð fram. Ekki rædd og afgreiðslu frestað.
 - 5.3. Möguleg þátttaka FRÍ á áskorendamóti Norðurlandanna í Osló í febr. Rætt, en ákvörðun frestað um hvort FRÍ styrkir þátttöku í mótinu og þá með hvaða hætti.
6. Uppskeruhátíð FRÍ. Umræður um bæði umfang, stað- og dags. Ákveðið að stefna að uppskeruhátíðinni í mars í tengslum við innanhúsmót FH. Framkvæmdastjóra falið að ræða við yfirþjálfara FH um möguleika á húsnæði og önnur undirbúningsatriði fyrir hátíðina. Ákvörðun verður tekin síðar.

Til kynningar

7. FRÍ unglínganefnd starfslýsing. Umfræðu frestað
8. Breyting á tímaseðli MÍ 15-22 ára. Viðbrögð sambandsaðila kynnt. Afgreiðslu frestað.
9. Þinggerð 59. Frjálsípróttapings, lögð fram.
10. Áframhaldandi samstarf við Ícelandair. Búið að gera upp við Ícelandair vegna ferða 2014. Formaður skoðar framhaldið.
11. Mótaforritið Þór. Frestað
12. Tillögur um þjónustugjaldið og skráningu iðkenda FRÍ. Frestað.
13. Önnur mál. Engin.

Fundi slitið kl. 21:30.

Fundargerð ritaði Jón Steingrímsson/Jónas Egilsson